

Handbók um Umferðarmerki

Vegvísar

Útgefandi Vegagerðin og Reykjavíkurborg

Mars 2013


Almennar reglur um vegvísa

Málsetning

Uppsetning

Vegnúmerakerfið

Reglur um vegvísun



Vinnureglur um notkun

Almennar reglur um vegvísa (F)

Reglugerð um umferðamerki:

Vegvísar er ætlað að leiðbeina öikumönnum um leiðaval. Vegvísir skal vera réttthyrndur ferhyrningur þannig að tvær hliðar séu láréttar.

Tákn [vegvísa] skal vera:

- (a) blátt á hvítum fleti með bláum jaðri  eða
 (b) svart á gulum fleti með svörtum jaðri 

Miðað er við að á höfuðborgarsvæðinu séu merki (a) en annars staðar merki (b).

Stærð vegvísa skal háð samþykki [veghaldara].

Vinnureglur um notkun:

Öll F merki eiga að vera með álfamma nema F14.21 Húsnúmer 32-40 og F16 Vegnúmer 51
 Örvar á vegvísunum eiga að vera þeim megin á skilti sem örin vísar til.

Almennar reglur um liti:

Höfuðborgarsvæði:

Vegvísar á höfuðborgarsvæðinu skulu vera hvítir með bláu lettri.

Götuheiti / götunúmer skulu vera hvít með svörtu lettri.

Vegvísar á hjólreiðastígum skulu vera bláir með hvítu lettri.

Utan höfuðborgarsvæðisins:

Vegvísar á vegamótum stofn- eða tengivega með 1-3 tölustöfum í vegnúmeri skulu vera gulir með svörtu lettri.

Heimilt er að nota gulan vegvísi með svörtu lettri á tengivegum með 4 stafa vegnúmeri sem liggja að þéttri byggð. Vegnúmerinu er þó sleppt á vegvísinum.

Undantekningar frá almennri reglu um liti:

Staðarvísar F04 (athyglisverðir staðir) eru hvítir með rauðu lettri (sjá nánar [reglur um staðarvísa](#))

Staðarvísar F12 (að tilteknum stað s.s. býli) eru bláir með gulu lettri.

F14-F18 (götunöfn, húsnúmer, vegnúmer, sýslu- og hreppamerki) eru hvít með svörtu lettri.

Almenn regla um uppsetningu vegvísa:

Vegvísar sem standa saman skulu vera jafn langir.



Nota ætti rauða og hvíta staðarvísa (F04.11) í stað hefðbundinna vegvísa (F03) að fjölsóttum ferðamannastöðum.


Um upplýsingatexta og staðsetningu vegvísunarmarkja fyrir höfuðborgarsvæðið og þjóðvegakerfið í heild gilda sérstakar reglur, sem skráðar eru í "[Reglur um vegvísun](#)"

Umfang vegvísunar við vegamót á þjóðvegakerfinu er háð umferð og eðli umferðarleiða og eru merkingar flokkaðar í sex flokka samkvæmt eftirfarandi:

Flokkur	Tegund skilta	Skilyrði
A	F11.51 á undan vegamótum F03.51 eða F06.51 á vegamótum	Þar sem stofnvegir mætast og um er að ræða: <ul style="list-style-type: none"> • Leið milli vegamóta sem eru í sitt hvorum landshluta • Leið út frá þéttbýlisfjarstöðum ef þess er þörf (annars fl. B) • Vegamót með ÁDU > 200 þar sem meginhluta umferðar er gegnumumferð • Vegamót stofnvega við vegi sem bera 1 eða 2 stafa númer með ÁDU > 200 • Vegamót stofnvega við 3 stafa vegi með ÁDU > 200 þar sem megin hluti umferðar á tengivegi fer fram og til baka sömu leið • Tengivegir að þéttbýlistöðum sem liggja frá 1-2 stafa vegum og eru lengri en 1 km.
B	F11.51 við aðalveg á undan vegamótum F03.51 eða F06.51 á vegamótum	
C	F03.51 eða F06.51 á vegamótum	Við önnur vegamót en A og B ef ÁDU > 200
D	F03.51 eða F06.51 við hliðarveg á vegamótum og K20.31 á móti hliðarvegi	Þar sem 3 stafa vegur tengist 1 eða 2 stafa vegi
E	F03.51 minni útgáfa	Vegamót 3 stafa vega
F	F01.11	Við vegamót þar sem vísað er á hálendisveg sem ekki er fær öllum bílum




F03.51 Vegvísir



F01.11 Vegvísir við vegamót hálendisvega sem ekki eru færir öllum bílum með upphleyptum stöfum



F06.51 Töfluvegvísir




F11.51 Töfluleiðamerki



K20.31 Þverslá


Flokkur A: Mynd

Leiðamerki við alla vegi sem liggja að vegamótum og píluvegvísar á sjálfum vegamótunum. Hæð vegvísanna er 33 sm.




Flokkur B: Mynd

Leiðamerki við aðalveg og píluvegvísar á sjálfum vegamótunum. Hæð vegvísanna er 33 sm.




Flokkur C: Mynd

Engin leiðamerki en píluvegvísar á sjálfum vegamótunum. Hæð vegvísanna er 33 sm.



Flokkur D: Mynd


Píluvegvisar og þverslá K20 á móti þverveginum. Hæð vegvísanna er 33 sm.




Flokkur E: Mynd

Píluvegvísar festir á stangir án púða. Hæð vegvísanna er 23,5 sm.

Útfærsla 1




Útfærsla 2



Flokkur F: Mynd

Steyptir vegvísar festir á stöng.



Málsetning vegvísa

Staðlar:

Hönnun vegvísa skal vera samkvæmt dönskum staðli nema annað sé tilgreint.

9.10.03 Udstyr, Afmærkning, Vejregler for afmærkning med vejvisningstavler.

[Sjá nánar: Tegningsbilag](#)

Lengd vegvísa

Lengd vegvísa er alltaf margfeldi heillar tölu og 250 mm. Það þýðir að vegvísar mega t.d. vera 275 sm eða 300 sm að lengd en ekki 280 sm eða 290 sm.

Almennar reglur um stærð og stafastærð vegvísa (F03-F04)

Vegvísar (F03.11 og F03.51) eru venjulega 330 mm á hæð. Minni útgáfan (sem er notuð á E-gatnamótum) er 235 mm.

Staðarvísar (rauðir - F04.11) sem eru stakir eru venjulega 235 mm á hæð. Staðarvísar sem eru notaðir með F03 merkjum er venjulega 330 mm.

Stærð stafa, vegnúmera og lengdartalna er háð hæð skilta með eftirfarandi hætti. Lengdartölur eru ávallt kílómetrar.

Hæð (mm)	Stafastærð (mm)	Leyfilegt frávik stafastærðar(mm)	Vegnumér stafastærð (mm)	Lengdartölur stafastærð (mm)	Leyfilegt frávik stafastærðar lengdartalna (mm)
235	120	101	101	101	85
330	143	170	143	120	143

Almennar reglur um stærð og stafastærð fráreinvísa (F05)

Fjöldi lína	Hæð (mm)
1 lína	450
2 línur	650
3 línur	900

Stafastærð fráreinvísa er 143 mm. Stafastærð vegnúmera er 120 mm.

Almennar reglur um stærð og stafastærð töfluvegvísa (F06) og töfluleiðamerkja (F11)

Aðstæður	Hæð 1 línu skiltis (mm)	Hæð 2 línu skiltis (mm)	Hæð 3 línu skiltis (mm)	Stafastærð (mm)	Vegnumér stafastærð (mm)	Lengdartölur stafastærð (mm)
Þröngar aðstæður, t.d. í þéttbýli	400	550	750	120	101	101
Venjulegar aðstæður	450	650	900	143	120	120
Töfluvegvísar þar sem ekki eru töfluleiðamerki á undan	500	750	1050	170	143	143

Almennar reglur um stærð og stafastærð leiðavísa (F08)


Fjöldi lína	Hæð (mm)
1 lína	750
2 línur	1250
3 línur	1500

Stafastærð leiðavísa er 240 mm. Stafastærð vegnúmera er 202 mm.


Almennar reglur um stærð og stafastærð staðarleiðamerkjja (F09), akreinalleiðamerkjja (F10) og fjarlægðamerkjja (F19)

Hæð merkjanna er alltaf margfeldi heillar tölu og 250 mm. Það þýðir að hæðin má t.d. vera 275 sm eða 300 sm en ekki 280 sm eða 290 sm. Stafastærð er 143 mm.

Stafastærð sýslu- og sveitarfélagsmerkja (F18) er venjulega 143 mm.

Málsetning og götun vegnúmers (F16.11)

Uppsetning staðarvísa (F12.11)



Staðarvísar eru staðsettir sömu megin vegar og staðarvegur og í 1-3 m fjarlægð frá veginum. Fjarlægð frá vegbrún: 1-3 m

Æskilegt er að nota 2 stangir þegar staðarvísar eru stórir eða fleiri en 2 á sömu stöng.

Uppsetning vegvísa (F03.51)

Fjarlægð frá vegbrún: 3 m
Fjarlægð frá vegi sem vísað er á ef merkið er staðsett sömu megin og vegur: 4-6 m
Fjarlægð frá vegi sem vísað er á ef merkið er staðsett gagnstætt við veg: 5 -15 m

Hæð undir merki: 0,5 m

Tafla um staðsetningu festinga:

Lengd merkis (sm)	a (sm)	b (sm)
150	30	90
175	35	105
200	45	110
225	50	125
250	55	140
275	27	110
300	40	110
325	52	110
350	65	110

Skilti sem eru 275 sm eða lengri eiga að hafa 3 festingar.



Uppsetning töfluleiðamerkja (F11.51)

Fjarlægð frá vegbrún: 4-6 m

Fjarlægð frá vegi sem vísað er á:
Sjá afstöðumyndir af merkingum mismunandi flokka vegamóta í [almennum reglur um vegvísa](#).

Öll töfluleiðamerki skal staga. Æskilegur halli skástífa er 1:1 (45°). Sá halli þolir mun meira vindálag. Heimilt er að nota hallan 1:2 (60°) ef um háar fyllingar er að ræða.

Flái á fyllingu undir merki ætti að vera jafn vegfláa.



Hæð undir merki: 1 - 1,2 m

Tafla um staðsetningu festinga:


Lengd merkis (sm)	a (sm)	b (sm)
200	10	90
225	22	90
250	35	110
275	27	110
300	40	110
325	52	110
350	65	110

Öll töfluleiðamerki eiga að hafa 3 festingar.

Vegnúmerakerfið

Vegnúmerakerfið er byggt upp á eftirfarandi hátt:

Landinu er skipt í 8 númerasvæði, sem eru þau sömu og gömlu kjördæmin með þeirri undantekningu þó að Suðurlandskjördæmi er skipt í tvö svæði.



Númerin eru ferns konar :

1. Vegur með einum tölustaf í númeri, þ.e. Hringvegurinn er nr. 1.
2. Aðalvegir á svæðinu, sem meðal annars tengja saman svæði eru með tvo tölustafi í númeri.
3. Aðrir vegir á svæðinu eru með þrjá tölustafi í númeri.
4. Fjallvegir (hálandisvegir) eru með F framan við númerið. Geta bæði verið með tveggja tölustafa eða þriggja tölustafa númeri.

Hringurinn hefst austast í Vestur-Skaftafellssýslu og síðan hækka númerin þegar haldið er réttsælis hringinn í kring um landið. Vestur-Skaftafellssýsla og Rangárvallasýsla, sem er fyrsta númerasvæðið, er númer 2. (ekki númerasvæði er númer 1 af tæknilegum ástæðum). Árnessýsla er númerasvæði 3 og Reykjaneskjördæmi nr 4, o.s.frv.

Á númerasvæði 2 hefjast öll vegnúmer á tölustafnum 2 (nema Hringvegur er alls staðar nr 1) og á númerasvæði 3 hefjast öll vegnúmer á tölustafnum 3 o.s.frv.


Þannig eru aðalvegir á númerasvæði 2, númer tuttugu og eitthvað og aðrir vegir númer tvö hundruð og eitthvað. Landvegur er t.d. nr. 26 og Meðallandsvegur nr. 204

Á númerasvæði 3 er t.d. Skeiðavegur nr. 30 en Urriðafossvegur nr. 302.

Hringurinn endar svo á Austurlandi, sem er númerasvæði 9 og þar hefjast öll vegnúmer á tölustafnum 9.

Reglur um vegvísun

Vegvísir og töfluvegvísir



Vegvísar eru notaðir á gatnamótum til að sýna næsta áfangastað og vegalengdir.

Töfluleiðamerki og fjarlægðarmerki



Töfluleiðamerki eru sett 150-250 m á undan gatnamótum til að sýna næsta áfangastað(i). Fjarlægðarmerki eru notuð á eftir gatnamótum til að sýna fjarlægðir að næsta áfangastað.

Sá staður sem styst er til er alltaf neðstur á merki og sá staður sem er lengst í burtu er alltaf efstur.

Rammareglur um áfangastaði

Aðaltextinn, sem birtur er á vegvísunum er hér nefndur áfangastaður. Áfangastöðum er skipt í þrjú flokka eftir mikilvægi þeirra þ.e. fjarmörk, nærmörk og heimaslóðir.

Fjarmörk

Fjarmörk eru stærstu bæir eða mikilvægir áfangastaðir í vegakerfinu. Að öðru jöfnu er mjög langt á milli fjarmarka.

Fjarmörk á hringveginum hafa verið ákveðin: Reykjavík, Akureyri, Egilsstaðir, Höfn, Vík. Auk þess hefur hringvegurinn sjálfur fjarmarkseinkenni, og vísað er til hans með "1" í brotnum ramma. Auk þessara fjarmarka eru á landinu nokkur önnur fjarmörk á annesjum og inni í landi, sem ekki hafa endanlega verið ákveðin enn.

Rita má fjarmark með fyrsta bókstaf höfuðátta (N,S,A,V). Þetta hentar fyrst og fremst til grófflokkunar umferðar. Sem dæmi má nefna að í Hafnarfirði á norðurleið má vísa "Reykjavík A" og "Garðabær A" inn á Reykjanesbrautina á leið t.d. í Breiðholt og að Vífilsstöðum.

Merking á þennan hátt á að öðru jöfnu aðeins við um ein ákveðin gatnamót og regla, sem síðar verður vikið að, um samfellda vegvísun gildir ekki um áttabókstafinn. Eftir að komið er inn á Reykjanesbrautina er því vísað "Reykjavík" án áttabókstafs.

Þessa reglu um höfuðáttir er stundum eðlilegt að nota þegar ekki er um nærmark að ræða í viðkomandi akstursstefnu, þar sem heimaslóðir ber að forðast eins og vikið verður að síðar.

Nærmörk

Nærmörk eru allir þéttbýlisstaðir landsins og helstu staðir aðrir sem ferðamenn sækja.

Sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu er skipti niður í nokkur nærmörk. Tillaga hefur verið gerð um nærmörk í eftirfarandi sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu:

Sveitarfélag	Nærmörk
Álftanes	Norðurnes, Suðurnes
Hafnarfjörður	Suðurbær, Norðurbær, Hraun, Setbert, Ásland, Vellir, Hellnahraun
Kópavogur	Kársnes, Smárin, Vatnsendi
Reykjavík	Vesturbær, Öskuhlíð, Hlemmur, Fossvogur, Laugardalur, Breiðholt, Árbær, Grafarvogur, Grafarholt, Kjalarnes

Miðbærir eru gjarnan nærmörk og er þá vísað til þeirra með nafni sveitarfélags ásamt þjónustumerkinu



E02.41 Miðbær

Um nærmörk gilda sömu reglur um áttabókstafi og lýst er undir fjarmörkum.

Heimaslóðir

Heimaslóðir eru t.d. bæjarhlutar eða hverfi.

Rammareglur um notkun áfangastaða á vegvísunarkerkjum

Eftirfarandi rammareglur taka mið af því af hvaða flokki þeir vegir eru sem mætast ([sjá vegflokkun](#)).

Merkingar eru eðlilega fullkomnastar þar sem stofn-/þjóðvegir í þéttbýli mæta öðrum stofn-/þjóðvegum í þéttbýli. Merkingar á öðrum gatnamótum eru síðan mismiklar og háðar mikilvægi gatnamótanna.

Stofnvegir / Þjóðvegir í þéttbýli

Við aðra stofn-/þjóðvegi í þéttbýli skal vísa á fjarmörk/nærmörk efir því sem við á. Forðast skal að vísa á heimaslóð, ef vísað er á fjarmark í ákveðna stefnu. Aldrei er vísað á heimaslóð áfram með fjarmarki. Notaðu má leiðamerki.

Við tengi- og safnvegi skal vísa á nærmark þar sem við á. Vísa má á heimaslóðir, eftir því sem þurfa þykir. Að öðru jöfnu er ekki vísað beint áfram. Ekki má nota leiðamerki.

Vísa má á þjónustustaði og athyglisverða staði eftir því sem þurfa þykir.

Tengivegir


Við stofn-/þjóðvegi í þéttbýli skal vísa á nærmörk efir því sem við á. Vísa má á fjarmörk eftir því sem þurfa þykir að mati veghaldara þjóðvegjar.

Við aðrar tengi- og safnvegi má vísa á heimaslóðir.

Vísa má á athyglisverða staði og þjónustustaði eftir því sem þurfa þykir.

Ekki má nota leiðamerki á tengivegum.

Yfirlit allra gerða vegvísar (F)

<p>711 Vatnsnes F01.11 Vegvísir í strjálbýli</p> <p>Vetrarvegur F01.21 Vegvísir án vagnúmers</p>	<p>1 Mosfellsbær 7 F03.11 Vegvísir (a)</p> <p>574 Vettleifsholt 5 F03.51 Vegvísir (b)</p> <p>10 Bláa Lónið F04.11 Staðarvísir (rauður)</p>	 <p>Möðruvellir 2 km</p> <p>F04.21 Staðartafla</p>
<p>1 Mosfellsbær 49 F05.11 Fráreinavísir (a)</p> <p>1 Akureyri F05.51 Fráreinavísir (b)</p>	<p>Breiðholt Árbær Ártúnsholt</p> <p>1 Mosfellsbær 8 49 Grafarholt</p> <p>49 Reykjavík 7 41 Keflavík 48</p> <p>F06.11 Töfluvegvísir (a)</p>	<p>1 Reykjavík 187 Hvolsvöllur 80</p> <p>1 Höfn 273 Kirkjubæjarkl. 72</p> <p>F06.51 Töfluvegvísir (b)</p>
<p>41 Reykjavík - Miðbær</p> <p>49 Seltjarnarnes Reykjavík-Kringla</p> <p>F08.11 Leiðavísir</p>	<p>41 Keflavík Kópavogur</p> <p>Reykjavík - Mjódd</p> <p>Kóp-Smiðjuhverfi</p> <p>F09.11 Staðarleiðamerki (a)</p>	<p>205 Kirkjubæjarklaustur</p> <p>1 Vík 203 Geirland</p> <p>F09.51 Staðarleiðamerki (b)</p>
<p>41 Reykjavík-Miðbær</p> <p>Seltjarnarnes Reykjavík-Kringla</p> <p>41</p> <p>49 Mosfellsbær 1</p> <p>F10.11 Akreinaliðamerki</p>	<p>41 Keflavík Hafnarfjörður</p> <p>412 Vatnsendi</p> <p>Garðabær</p> <p>F11.11 Töfluleiðamerki (a)</p>	<p>1 Reykjavík Selfoss</p> <p>F28 Sprengisandur 30 Flúðir 31 Skálholt</p> <p>F11.51 Töfluleiðamerki (b)</p>

<p>Grund</p> <p>F12.11 Staðarvísir (blár)</p> <p>Grund</p> <p>F12.21 Staðarmerki</p> <p>← Ásólfskáli ▲ 1.4</p>  <p>F12.31 Staðarleiðarvísir</p>	<p>Hamraborg</p> <p>F14.11 Götunafn eða vegarheiti</p> <p>32-40</p> <p>F14.21 Húsnúmer</p>	 <p>F17.11 Eyðibýli</p>																									
<p>50</p> <p>F16.11 Vegnúmer</p>	<p>50</p> <p>F16.21 Vegnúmer, leið að vegi</p>	 <p>F16.31 Ónúmeraður vegur</p>																									
 <p>Reykjavík</p> <p>F18.11 Sýslu- eða sveitarfélagsmerki (stórt)</p>	 <p>Hvolhreppur</p> <p>F18.21 Sýslu- eða sveitarfélagsmerki (lítið)</p>	 <p>F21.11 Upplýsingatafla</p>																									
<p>1</p> <table border="1"> <tbody> <tr> <td>Egilsstaðir</td> <td>701</td> </tr> <tr> <td>Ísafjörður</td> <td>533</td> </tr> <tr> <td>Akureyri</td> <td>426</td> </tr> <tr> <td>Borgarnes</td> <td>107</td> </tr> </tbody> </table> <p>F19.11 Fjarlægðarmerki (a)</p>	Egilsstaðir	701	Ísafjörður	533	Akureyri	426	Borgarnes	107	<p>1</p> <table border="1"> <tbody> <tr> <td>Egilsstaðir</td> <td>701</td> </tr> <tr> <td>Ísafjörður</td> <td>533</td> </tr> <tr> <td>Akureyri</td> <td>426</td> </tr> <tr> <td>Borgarnes</td> <td>107</td> </tr> </tbody> </table> <p>F19.51 Fjarlægðarmerki (b)</p>	Egilsstaðir	701	Ísafjörður	533	Akureyri	426	Borgarnes	107	<table border="1"> <tbody> <tr> <td>↑</td> <td> H25</td> <td>Laugardalur 3,7</td> </tr> <tr> <td></td> <td></td> <td>Miðbær 8,5</td> </tr> <tr> <td>←</td> <td> H17</td> <td>Seltjarnarnes 12,3</td> </tr> </tbody> </table> <p>F30.11 Töfluvegvisir fyrir hjólreiðastíga</p> <p> H25 Laugardalur 3,7</p> <p>F31.11 Vegvísir fyrir hjólreiðastíga</p>	↑	 H25	Laugardalur 3,7			Miðbær 8,5	←	 H17	Seltjarnarnes 12,3
Egilsstaðir	701																										
Ísafjörður	533																										
Akureyri	426																										
Borgarnes	107																										
Egilsstaðir	701																										
Ísafjörður	533																										
Akureyri	426																										
Borgarnes	107																										
↑	 H25	Laugardalur 3,7																									
		Miðbær 8,5																									
←	 H17	Seltjarnarnes 12,3																									

F01.11 Vegvísir í strjálbýli

711 Vatnsnes

Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta má setja við vegamót. Letra skal staðarheiti eða sveitar á merkið, svo og vegnúmer og fjarlægð í km eftir því sem ástæða þykir til.

Vinnureglur um notkun utan þéttbýlis:

Ef vísað er á stað sem sést ekki þar sem merkið er skal að jafnaði geta vegalengdar.

F 225 Landmannalaugar 47

Heimilt er að nota þjónustumerkið E05.51 sæluhús á vegvísa í strjálbýli.

Önnur dæmi um merkingar:

F 225 Landmannaleið

1 Reykjavík

F208 26 Selfoss 109

F01.21 Vegvísir án vegnúmers

Vetrarvegur

Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta má setja við vegamót við ónúmeraðar leiðir.

Vinnureglur um notkun utan þéttbýlis:

Merki þetta er einungis notað við sérstaka vetrarvegi.

F03 Vegvísir



Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta má setja við vegamót. Letra skal staðarheiti, vegnúmer og fjarlægð í km á merkið eftir því sem ástæða þykir til.

Vinnureglur um notkun:

Merki þetta er notað við öll vegamót þjóðvega.

Fjarlægðartala skal alltaf koma fram á merkinu nema vísað sé á svæði. Heimilt er að setja þjónustumerki fyrir framan nafn staðar.

Að jafnaði er aðeins einn F03 vegvísir í hverja átt á vegamótum, sbr. almennar reglur um vegvísa, en í undantekningartilfellum eru þeir fleiri. Vegvísar sem standa saman skulu vera jafn langir.

Stærri vegvísar (33 sm) eru notaðir á A, B, C og D vegamótum. Minni vegvísar (23,5 sm) eru notaðir á E vegamótum.



Dæmi um notkun merkisins:



F04.11 Staðarvísir (rauður)



Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta má setja við vegamót þar sem leið liggur til athyglisverðs staðar, flugvallar, hafnar, opinberrar byggingar eða annars þjónustustaðar. Letra skal staðarheiti, vegnúmer og fjarlægð í km á merkið eftir því sem ástæða þykir til.

Vinnureglur um notkun utan þéttbýlis:

Heimilt er að setja 1-2 þjónustumerki af gerð E02.61, E02.62, E02.63, E02.64, E02.65 og E08.11 á rauða staðarvísa.



Þegar nota þarf fleiri slík merki skal setja þau fyrir neðan staðarvísinn.

Dæmi um merkingu með þremur leyfilegum E merkjum.




F04.21 Staðartafla



Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta má setja þar sem leið liggur til staðar sem er sérlega áhugaverður fyrir ferðafólk. Letra skal staðarheiti og fjarlægð í km á merkið. Í stað tákns getur verið teikning af staðnum.

F05 Fráreinavísir




Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta má setja þar sem frárein byrjar. Letra skal staðarheiti og vegnúmer á merkið eftir því sem ástæða þykir til.

Vinnureglur um notkun:

Örvar á fráreinavísi skulu vera þeim megin á skilti sem örin vísar til.

F06 Töfluvegvísir



Reglugerð um umferðarmerki:


Merki þetta má setja við vegamót, einkum þar sem akreinar eru fleiri en ein. Letra skal staðarheiti, vegnúmer og fjarlægð í km á merkið eftir því sem ástæða þykir til. Vísun beint áfram komi efst, því næst vísun til vinstri og neðst vísun til hægri

Vinnureglur um notkun:

Merki þetta má nota í stað F03 merkja á vegamótum þar sem þar sem ekki er hægt að koma þeim merkjum fyrir, t.d. vegna þrengsla.

Örvar á töfluvegvísi skulu vera þeim megin á skilti sem örin vísar til.

F08.11 Leiðavísir




Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þessu má koma fyrir yfir vegi nærri vegamótum, t.d. á merkjabrú. Á merkinu skal vera ör fyrir hverja akrein. Letra skal staðarheiti og vegnúmer á leiðavísi eftir því sem ástæða þykir til.

Vinnureglur um notkun utan þéttbýlis:

Merki þetta er aðeins notað á höfuðborgarsvæðinu.

F09 Staðarleiðamerki


**Reglugerð um umferðamerki:**

Merki þetta má setja 150-250 m frá vegamótum og sýnir það einfaldaða mynd af þeim. Letra skal staðarheiti og vegnúmer á merkið eftir því sem ástæða þykir til. Á vegamótunum skal síðan setja upp vegvísa eftir því sem við á.

Vinnureglur um notkun:


Heimilt er að bæta þjónustutáknum og merkjum sveitarfélaga á merkið.

Öll hringtorg utan þéttbýlis skal merkja með staðarleiðamerki. Sjá [reglur um merkingar hringtorga](#).



Stærð skiltisins er 300 x 250 sm.
Leturhæðin er 143 mm.

F10.11 Akreinaleiðamerki

**Reglugerð um umferðamerki:**

Merki þetta má setja 150-250 m frá vegamótum til leiðbeiningar öikumönnum um hvaða akrein þeir skuli velja. Letra skal staðarheiti og vegnúmer á merkið eftir því sem ástæða þykir til. Á vegamótunum skal síðan setja upp vegvísa eftir því sem við á.

Vinnureglur um notkun utan þéttbýlis:

Merki þetta er aðeins notað á höfuðborgarsvæðinu.

F11 Töfluleiðamerki

**Reglugerð um umferðamerki:**

Merki þetta má setja 150-250 m frá vegamótum. Vísun beint áfram komi efst, því næst vísun til vinstri og neðst vísun til hægri. Letra skal staðarheiti og vegnúmer á merkið eftir því sem ástæða þykir til. Á vegamótunum skal síðan setja upp vegvísa eftir því sem við á.

Vinnureglur um notkun:

Örvar á töfluleiðamerki skulu vera þeim megin á skilti og sem örin vísar.



Afleggjari vinstra megin.



Afleggjari hægri megin.

Merki þetta er notað við vegamót 1-2 stafa vega, sbr. almennar reglur um vegvísa.

F12.11 Staðarvísir (blár)

Grund**Reglugerð um umferðarmerki:**

Merki þetta má setja við veg til að vísa á tiltekinn stað, svo sem býli.

Vinnureglur um notkun utan þéttbýlis:

Ef staður sést ekki frá aðalleið skal geta vegalengdar.

Dæmi um notkun merkisins með þjónustumerkinu E02.61 athyglisverður staður og fjarlægðartölu.



Staðarvísar sem standa saman skulu vera jafnlangir.



Heimilt er að bæta skýringartexta við nöfn staða.



Heimilt er að setja fyrirtækjamerki (logó) á vegvísi.

Fyrirtækjamerkið skal vera á íslensku.



Þjónustumerki sem lýsir stað má setja á undan nafni staðarins. Þjónustumerki eiga að vera fyrir neðan staðarvísun.



Er dæmi um fyrirtækjamerki sem má setja á eftir nafni staðar eða með þjónustumerkjum. Þetta tiltekna merki er merki ferðaþjónustu bænda.



F12.21 Staðarmerki

Grund

Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta má setja upp til að tilgreina heiti staðar, örnefni o.þ.h.

F12.31 Staðarleiðarvísir



Drög að reglugerð Dómsmálaráðuneytis og vinnureglum utan þéttbýlis:

Merki þetta má setja við veg til nánari upplýsingar fyrir vegfarendur um staði og þjónustu. Nöfn staða eru með hvítum stöfum. Vegalengdir og viðeigandi þjónustutákn eru sett við hvern stað.

Helsta þjónustustarfsemi staðarins er gjarnan sýnd með stærra merki en önnur þjónusta.



Er dæmi um fyrirtækjamerki sem má setja á eftir nafni staðar eða með þjónustumerkjum. Þetta tiltekna merki er merki ferðaþjónustu bænda.

Staðsetning staðarleiðarvísar:

Staðarleiðarvísar verða að vera 200 m frá vegamótum. Á vegamótum þar sem töfluleiðamerki (F06.51) eru verða þeir þó að vera 400 m frá vegamótunum (200 m frá töfluleiðamerkjunum).

Á beinni leið að þjónustustað skal staðarleiðarvísir ekki standa fjær staðnum en 1 km.

Leyfilegt er að setja upp staðarleiðarvísar sem benda á þjónustu á hliðarvegi en það má þó að jafnaði ekki vera fjær þjónustustað en 10 km. Á strjálbýlum svæðum má veita undanþágu frá þessari reglu.

Staðarleiðarvísar sem benda á þjónustu við hliðarveg má ekki setja upp við vegamót, ef boðið er upp á sambærilega þjónustu annars staðar innan tvöfaldrar þeirrar fjarlægðar sem er frá vegamótum að þjónustustað. Þar verður að setja upp upplýsingatöflu F21.11 þar sem allra þjónustustaða er getið.

F14.11 Götunafn eða vegarheiti**Hamraborg****Reglugerð um umferðarmerki:**

Götunafn eða vegarheiti

Vinnureglur um notkun innan þéttbýlis:

Merki þetta má setja upp til að tilgreina heiti götu eða vegar.

F14.21 Húsnúmer**32-40****Reglugerð um umferðarmerki:**

Húsnúmer

Vinnureglur um notkun innan þéttbýlis:

Æskilegt er að merkja hús með húsnúmeri.

F16.11 Vegnúmer

**Reglugerð um umferðarmerki:**

Vegnúmer

Vinnureglur um notkun utan þéttbýlis:

Merkið sýnir númer viðkomandi vegar.

Merkið skal setja upp við alla stofn- og tengivegi nema vegi styttri en 5 km þar sem vegnúmer er á vegvísi út á viðkomandi veg.

Vegamót:

Merkið skal sett upp 500-1000 m frá vegamótum fyrir umferð frá vegamótunum. Ef tvö eða fleiri vegamót við þjóðvegi eru á 3 km kafla eða styttra skal merkja þau eins og um ein vegamót væri að ræða, þ.e. með merki út frá vegamótum í enda kaflans en merkjum á milli þeirra sleppt.

Merkið skal einnig nota áður en komið er að vegamótum við þjóðvegi í 500-1000 m fjarlægð ef lengd frá síðasta vegnúmeri er á bilinu 20-30 km.

Langir kaflar án vegamóta:

Merkið skal sett upp fyrir báðar akstursstefnur með um 15 km millibili ef fjarlægð frá síðasta vegnúmeri er meiri en 30 km.

Notkun samhliða öðrum merkjum:

Setja skal vegnúmer með aðalbrautarmerkjum D03.11



og aðalbraut endar D03.21



. Einnig

með B26  þar sem það á við, sjá [reglur um aðalbrautir](#) og [hraðamerkingar](#).

Að jafnaði skal fella vegnúmer F16.11 inn í öll F leiðamerki þar sem vísað er á vegi með númeri.

F16.21 Vegnúmer, leið að vegi

**Reglugerð um umferðarmerki:**

Merkið er sett við veg sem liggur að vegi með tilgreindu vegnúmeri.

Vinnureglur um notkun utan þéttbýlis:

Þetta merki er aldrei notað stakt og alltaf sem undirmerki með F16.11 eða á vegvísi.

Brotinn rammi er gjarnan utan um vegnúmer á vegvísunum til að skýra betur leið að viðkomandi stað.



Til að komast til Egilsstaða frá þeim stað sem þessi vegvísir er, er fyrst ekið eftir vegi 931 en síðan eftir vegi 1

F16.31 Ónúmeraður vegur

**Reglugerð um umferðarmerki:**

Merki þetta (án vegnúmers) er sett við veg sem ekki hefur vegnúmer og er ekki í umsjón Vegagerðarinnar.

Vinnureglur um notkun utan þéttbýlis:

Merkið er einkum ætlað til að fella inn í sérstaka hálandisútgáfu af merkinu F12.11 þar sem vísað er á ýmsar slóðir á hálandinu.

Dæmi um notkun merkisins:



F17.11 Eyðibýli

**Reglugerð um umferðarmerki:**

Merki þetta er notað á vegvísa sem vísa á eyðibýli.

Vinnureglur um notkun utan þéttbýlis:

Dæmi um notkun merkisins með bláum staðarvísi F12.11



F18.11 Sýslu- eða sveitarfélagsmerki (stórt)

**Reglugerð um umferðarmerki:**

Merki þetta má setja við veg á mörkum sýslu eða sveitarfélags. Letra skal nafn sýslu eða sveitarfélags á merkið. Þar má enn fremur setja tákn sýslu eða sveitarfélags (byggðarmerki) í réttum litum ofan við nafn.

Vinnureglur um notkun utan þéttbýlis:

Dæmi um merki með nafni sýslu og landfræðilegu svæða-/hreppaheiti.



Annað dæmi um merki með nafni sveitarfélags og undirmerki fyrir landfræðileg svæða-/staðarheiti sem eru notuð með merkinu.



F18.21 Sýslu- eða sveitarfélagsmerki (lítið)


**Reglugerð um umferðarmerki:**

Merki þetta má setja við veg á mörkum sýslu eða sveitarfélags. Letra skal nafn sýslu eða sveitarfélags á merkið. Þar má enn fremur setja tákn sýslu eða sveitarfélags (byggðarmerki) í réttum litum ofan við nafn.

Vinnureglur um notkun utan þéttbýlis:

Tákn sýslu eða sveitarfélags má setja vinstra megin við nafn

F19 Fjarlægðarmerki

F19.51 Utan þéttbýlis		F19.11 Innan þéttbýlis	
1		1	
Akureyri	508	Egilsstaðir	701
Neskaupstaður	297	Ísafjörður	533
Seyðisfjörður 	270	Akureyri	426
Reyðarfjörður	259	Borgarnes	107
Egilsstaðir	242		
Breiðdalsvík	161		

Reglugerð um umferðarmerki:


Merki þetta má setja við veg eftir að komið er fram hjá vegamótum, t.d. á bakhlið leiðamerkis. Efst á merkinu er vagnúmer þess vegar sem ekið er eftir og staðarheiti þar undir. Fyrst er heiti þess staðar sem fjærstur er o.s.frv.

Vinnureglur um notkun:

Merkið má einnig staðsetja áður en komið er að vegamótum og skulu þá staðir sem vísað er á flokkaðir undir viðeigandi vagnúmerum.

Meðfylgjandi mynd sýnir staðsetningu á fjarlægðartöflum og á hvaða staði er vísað á á hverri töflu.

Mynd sem sýnir staðsetningu á fjarlægðartöflum og á hvaða staði er vísað á á hverri töflu.



F21.11 Upplýsingatafla



Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta má setja við veg til nánari upplýsingar fyrir vegfarendur um þjónustu, vegakerfi eða bæjarstæði.

Vinnureglur um notkun utan þéttbýlis:

Við allar upplýsingatöflur skal gera útskot á veginn þar sem hægt er að stöðva ökutæki.

Þar sem þjónusta er margþætt, s.s. þar sem nauðsyn er á fleiri en fjórum táknum og/eða þar sem upplýsingar um þjónustu eða almenna vegvísun er ófullnægjandi með einstökum merkjum, s.s. við bæjarstæði eru settar upp upplýsingatöflur.

Dæmi um upplýsingatöflur sem sýna svæði:





F30.11 Töfluvegvisir fyrir hjólreiðastíga



Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta má setja við stígamót. Letra skal staðarheiti, stígnúmer og fjarlægð í km með einum aukastaf á merkið eftir því sem ástæða þykir til. Vísun beint áfram komi efst, því næst vísun til vinstri og neðst vísun til hægri.

F31.11 Vegvisir fyrir hjólreiðastíga



Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta má setja við stígamót. Letra skal staðarheiti, stígnúmer og fjarlægð í km með einum aukastaf á merkið eftir því sem ástæða þykir til.